


# MAT Á FRAMKVÆMD LAGA

*Skólastjórar leikskóla*

27. mars 2015

**ATTENTUS**  
mannauður & ráðgjöf

Árný Elíasdóttir, Arndís Vilhjálmdóttir og  
Sveinborg Hafliðadóttir



Greining þessi er unnin á vegum Attentus - mannauður og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skýrsluhöfundar þakka skólastjórnendum fyrir aðstoðina við gagnaöflun og samstarf meðan á úttektinni stóð.

Reykjavík, 1. desember 2014

Árný Elíasdóttir, Arndís Vilhjálmisdóttir og Sveinborg Hafliðadóttir

# Efnisyfirlit

---

Efnisyfirlit .....	1
Töflur .....	2
Samantekt .....	3
1. Samráð um skólastarf.....	4
2. Sérfræði- og stoðþjónusta .....	6
3. Starfsfólk .....	10
4. Skólanámskrá og innleiðing aðalnámskrár.....	13
5. Mat á skólastarfi.....	16
6. Samstarf við sveitarfélag.....	18
7. Annað.....	19
Viðauki I - Spurningalisti netkönnunarinnar.....	20
Viðauki II- Yfirlit yfir leikskóla .....	26

## TÖFLUR

---

Tafla 1. Er starfandi foreldrafélag við leikskólann? .....	4
Tafla 2. Er starfandi foreldraráð við leikskólann? .....	4
Tafla 3. Hefur foreldraráð sett sér starfsreglur? .....	4
Tafla 4. Hvers vegna ekki? .....	4
Tafla 5. Leitast leikskólinn við að tryggja að foreldrar sem ekki tala íslensku eða nota tákniál fái túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla? .....	6
Tafla 6. Annað, hvað? .....	6
Tafla 7. Hvaða skimunarpróf eru notuð í skólanum? .....	8
Tafla 8. Annað, hvað? .....	8
Tafla 9. Hefur leikskólastjóri frumkvæði að mótun áætlunar um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað? .....	10
Tafla 10. Hvers vegna ekki? .....	10
Tafla 11. Er við ráðningu alls starfsfólks við skólann áréttuð ákvæði um þagnarskyldu starfsfólks? .....	10
Tafla 12. Hefur starfsfólk skólans fengið kynningu á verklagsreglum um tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum? .....	11
Tafla 13. Vinsamlega tilgreindu ástæðu: .....	11
Tafla 14. Uppfyllir skólinn 9. gr. laga nr. 87/2008 um að 2/3 starfsmanna skuli hafa leyfisbréf til kennslu í leikskóla? .....	12
Tafla 15. Hversu hátt hlutfall starfsmanna skólans við kennslu og umönnun hefur leyfisbréf til kennslu í leikskóla? .....	12
Tafla 16. Hefur skólanámskrá skólans verið endurskoðuð á grundvelli aðalnámskrár leikskóla frá 2011? .....	13
Tafla 17. Hvenær er næsta endurskoðun skólanámskrár skólans fyrirhuguð? .....	13
Tafla 18. Birtir leikskólinn á vef skólans upplýsingar um eftirfarandi? (Vinsamlegast merktu við allt sem við á): .....	13
Tafla 19. Hefur símenntunaráætlun skólans nýst við innleiðingu aðalnámskrár leikskóla frá 2011? .....	14
Tafla 20. Hvers konar símenntun nýtist skólanum best við innleiðingu aðalnámskrár frá 2011? (Vinsamlegast merktu við það sem við á). .....	14
Tafla 21. Annað, hvað? .....	14
Tafla 22. Fer fram kerfisbundið innra mati á árangri og gæðum skólustarfsins? .....	16
Tafla 23. Af hverju ekki? .....	16
Tafla 24. Hverjir taka þátt í kerfisbundnu innra mati leikskólans á árangri og gæðum skólustarfs (vinsamlegast merktu við allt sem við á). .....	16
Tafla 25. Aðrir, hverjir? .....	16
Tafla 26. Hefur leikskólastjóri skilað ársskýrslu til rekstraraðila og sveitarstjórnar eftir að lög um leikskóla tóku gildi í júlí 2008? .....	18
Tafla 27. Hvers vegna ekki? .....	18
Tafla 28. Hve margir nemendur eru í skólanum? .....	19
Tafla 29. Hafa eftirfarandi ákvæði laga um leikskóla haft áhrif á kostnað í leikskólanum? .....	19

## SAMANTEKT

---

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum könnunar á innleiðingu og framkvæmd laga nr. 90/2008 um leikskóla. Könnunin var unnin af Attentus – mannaði og ráðgjöf fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið í október 2014. Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um hvort og hvernig leikskólum hefur tekist að fylgja lögnum eftir í framkvæmd.

Könnunin (sjá viðauka I) var send út til skólastjórnenda leikskóla í formi netkönnunar. Mikil áhersla var lögð á heimtur frá öllum leikskólum. Yfirlit yfir leikskóla og heimtur má sjá í viðauka II en ekki bárust svör frá öllum leikskólum, þrátt fyrir ítrekanir bæði bréf- og símleiðis. Á lista ráðuneytisins voru nöfn 294 leikskóla<sup>1</sup>. Ljóst er að nöfn nokkurra skóla voru tvítekin á listanum, einn var ekki lengur í rekstri auk þess sem allmargir leikskólar höfðu verið sameinaðir undir eina stjórn en sem þó störfuðu á tveimur eða fleiri starfsstöðvum. Af þessum sökum er óljóst hversu stórt raunþýðið er. Í sumum tilvikum bárust svör frá sameinuðum skólum í tveimur hlutum en í öðrum tilvikum í einu lagi.

Gild svör bárust frá 250 leikskólum (sjá má yfirlit yfir skóla í Viðauka II). Ekki bárust svör frá leikskólunum Efstahjalla, Laugabóli og Varmalandi. Leikskólinn Aðalþing skilaði auk þess ekki gildum svörum (samkvæmt mati úttektaraðila) og var hann því útilokaður frá greiningu.

Niðurstöður eru settar fram í lýsandi tölum yfir það hvort ákvæðum laga sé fylgt eða ekki. Í opnu spurningunum er kallað eftir frekari skýringum. Svör við þeim fylgja með að mestu leyti eins og þeim var skilað en nöfn einstaklinga og skóla tekin út auk lagfæringa á innsláttar- og stafsetningarvillum. Að beiðni ráðuneytisins eru í þessari skýrslu ekki birt öll svör við opnum spurningum sem lagðar voru fyrir.

---

<sup>1</sup> Sjá fylgiskjalið *Leikskólar\_raduneytislisti\_vegna leiðréttingar*, Attentus (2015).

# 1. SAMRÁÐ UM SKÓLASTARF

Í flestum leikskólum er starfandi foreldrafélag (sjá töflu 1) og foreldraráð (tafla 2). Þar sem foreldraráð er starfandi hafa flest þeirra sett sér starfsreglur (tafla 3) og skýringar gefnar á því ef svo er ekki (tafla 4).

Tafla 1. Er starfandi foreldrafélag við leikskólann?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	240	96,0%	96,0%
	Nei	10	4,0%	4,0%
	Alls	250	100,0	100,0%

Tafla 2. Er starfandi foreldraráð við leikskólann?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	229	91,6%	91,6%
	Nei	21	8,4%	8,4%
	Alls	250	100,0%	100,0%

Tafla 3. Hefur foreldraráð sett sér starfsreglur?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	184	73,6%	73,6%
	Nei	66	26,4%	26,4%
	Alls	250	100,0%	100,0%

Tafla 4. Hvers vegna ekki?

Athugasemdir
Vegna þess að foreldrapör leikskólabarna eru aðeins fjögur, þrjú þeirra starfa við skólann.
Nýbúið er að sameina leik- og grunnskóladeildina. Skólaráð og foreldraráð er saman en nú er verið að vinna að sameiningunni.
Skólaráð hefur starfsreglur.
Af ástæðu í fyrri spurningu.
Vegna óöryggis hópsins.
Eru að skoða það.
Sjá fyrra svar.
Þetta er svo fámennur skóli að í síðustu kosningum var ákveðið að hafa foreldraráð það sama og stjórn foreldrafélagsins.
Væntanlega þekkingar - og tímaskortur.
Það hefur bara verið stuðst við helstu skyldur fulltrúa í foreldraráðum.
Við erum ekki með formlegar starfsreglur. Þurfum sennilega að útbúa okkur þær. Leikskólastjóri hefur farið yfir með foreldraráði á hverju hausti eftir hverju unnið er og hvernig og lagt fyrir ráðið foreldrahandbók, skólanámskrá (ný er í vinnslu) og annað það sem legið hefur fyrir hverju sinni og teljast meiri háttar breytingar.
Skólarnir eru hluti af samrekknum leik, grunn og tónlistarskóla sem starfar á tveimur starfsstöðvum. Foreldraráð fellur inn í skólaráð sem vegna samrekstrar er skipað aðilum frá öllum skólastigum og starfsstöðvum, frekar nýleg eining.
Það er ekki starfandi foreldraráð.
Nýtt foreldraráð var kosið núna 17. september og er fyrsti fundur áætlaður í október þar sem núverandi foreldraráð mun setja sér starfsreglur.
Ráðið hefur jafn óðum skipt með sér verkum en ekki sett fyrirfram einhverjar reglur. Þeim finnst best að vinna saman að öllu. Kannski eru það óformlegar reglur.
Vantar áhuga.
Er ekki foreldraráð.
Hefur gengið illa að fá fulltrúa og halda þeim. Vona að úr bætist með nýju fólki.
Mér er ekki kunnugt um það.
Sannast sagna þá tel ég að fulltrúar í ráðinu hafi ekki talið ástæðu til þess.
Er ekki viss hvers vegna ekki.
Foreldraráð er kallað saman þegar fara á yfir áætlanir eða önnur fyrirbyggjandi verkefni. Samskiptin og verklagið er að þróast.
Samrekkinn grunn- og leikskóli, sjá spurningu hér að framan.
Ekki verið neitt sérstakt ráð.
Það hefur líklega bara gleymst.
Ekki svo ég viti.
Það er foreldrafélag starfandi.
Það hefur ekki verið klárað.
Það eru breytingar á fólki vegna þess að það er að byrja nýtt starfsár.

Það hefur ekki verið hugað að því, ráðið mun funda um n.k mánaðarmót og mun þá setja sér reglur.
Hefur ekki verið mjög virkt.
Framkvæmdaleysi.
Er ekki viss.
Það er nýlega stofnað og hefur ekki unnist tími í það.
Nýtt fólk og stjórn, hefur ekki komið á fund.
Við notum lýsingu frá [nn]. Svo hef ég kynnt starfsreglur og sammælt um þær á fyrsta fundi en ekki skrifað þær niður. Fulltrúar minna mig samt á ef ég fer ekki eftir því sem ég hef sagt.
Veit ekki.
Þar sem þetta er samrekinn grunn- og leikskóli hefur foreldraráð verið innan skólaráðs. Þar er farið eftir þeim reglum sem settar hafa verið fyrir skólaráð og sökum smæðar hafa ekki verið gerðar sérreglur fyrir skólaráðið.
Það er ekki foreldraráð við leikskólann.
Ekki komið til þess - unnið samkvæmt lögum.
Í skólanum er skólaráð með foreldrum í leik- og grunnskóla. Starfar eftir reglum um skólaráð.
Ekki búið enn.
Foreldrar vilja koma að öllu sem þeim ber skylda til og vilja að við leitum til þeirra eftir þeirra vinnu við þau verkefni sem þau eiga að inna af hendi.
Leikskólinn hefur alltaf verið með undanþágu frá því að vera með foreldraráð vegna smæðar sinnar. Í september á þessu ári var hins vegar ákveðið að láta reyna á stofnun foreldraráðs. Foreldraráð er því nýkomið til og hefur ekki fengið ráðrúm til að setja sér reglur.
Það eru til drög af starfsreglum sem nýtt foreldraráð kemur til með að vinna nýjar starfsreglur upp úr á næstu vikum.
Ekki verið hugsað út í það.
Voru notaðar starfsreglur frá [nn].
Kosið verður í nýtt foreldraráð nú í vikunni og mun það setja sér formlegar starfsreglur. Foreldraráðið sem nú hættir var með óformlegar starfsreglur, skipti með sér hlutverkum (formaður, ritari), ákvað fundi og efni o.s.frv.
Þær eru í vinnslu.
Ekki verið þörf.
Vanþekking á því að ráðið eigi að setja sér starfsreglur.
Af fyrrgreindum ástæðum.
Sennilega ekki gefið sér tíma en foreldrafélag er með reglur.
Trúlega vantar hvatningu frá leikskólastjóra verður gert eftir næstu kosningar.
Þetta er litill leikskóli rekinn á tveimur stöðum og er nándin milli allra mikil. Þetta hefur einhvern veginn ekki komist í verk, en ég mun leggja áherslu á að þetta verði gert nú í haust með nýrri stjórn.
Það er ekki starfandi.
Farið eftir reglum sem koma fram í lögum um foreldraráð.
Sama svar og við fyrri spurningu.
Foreldraráðið hefur rætt þetta, en er ekki búið að forma starfsreglur.
Oftast er boðað forfall þegar kallað er til fundi svo að lögleg sé, það er ekki nóg þátttakendur til þess að samþykkja.
Nýbúið að stofna foreldraráð og eru þau að búa til starfsreglur.
Vísa í svar nr. 6.
Stjórn foreldrafélags gegnir einnig hlutverki foreldraráðs - vegna fámennis.
Sjá fyrra svar.
Foreldrar leikskólabarna eiga fulltrúa í skólaráði, þar sem skólinn er samrekinn leik-, grunn- og tónskóli.
Foreldraráðið er ný til stofnað og eru reglur í undirbúningi.

## 2. SÉRFRÆÐI- OG STÖÐÞJÓNUSTA

Í töflu 5 má sjá yfirlit yfir hvernig leikskólar tryggja að foreldrar sem ekki tala íslensku eða nota táknmál fái túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla. Oftast er túlkur kallaður til þegar á þarf að halda. Aðrar útfærslur má sjá í töflu 6.

Tafla 5. Leitast leikskólinn við að tryggja að foreldrar sem ekki tala íslensku eða nota táknmál fái túlkun á upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna samskipta foreldra og skóla?

Reglubundin túlkabjónusta			
		Fjöldi	Hlutfall
Gild svör	Merkt við	38	15,2%
	Ekki merkt við	212	84,8%
	Alls	250	100,0%
Túlkur kallaður til þegar á þarf að halda			
		Fjöldi	Hlutfall
Gild svör	Merkt við	224	89,6%
	Ekki merkt við	26	10,4%
	Alls	250	100,0%
Þýðing á bæklingum og öðru prentuðu efni frá leikskólanum			
		Fjöldi	Hlutfall
Gild svör	Merkt við	84	33,6%
	Ekki merkt við	166	66,4%
	Alls	250	100,0%
Upplýsingar á heimasíðu eru á fleiri en einu tungumáli			
		Fjöldi	Hlutfall
Gild svör	Merkt við	54	21,6%
	Ekki merkt við	196	78,4%
	Alls	250	100,0%
Ekkert er gert í tengslum við samskipti við foreldra sem ekki tala íslensku eða nota táknmál			
		Fjöldi	Hlutfall
Gild svör	Merkt við	0	0%
	Ekki merkt við	250	100,0%
	Alls	250	100,0%
Þarf ekki vegna þess að allir foreldrar tala íslensku og enginn notar táknmál			
		Fjöldi	Hlutfall
Gild svör	Merkt við	10	4,0%
	Ekki merkt við	240	96,0%
	Alls	250	100,0%

Tafla 6. Annað, hvað?

Athugasemdir
Sumt á heimasíðu á öðru tungumáli en íslensku en ekki allt.
Reynt eftir bestu getu að vera fullviss um að erlendir foreldrar viti hvað er um að vera og geti tekið þátt í því starfi sem fer fram. Er til skoðunar hjá sveitarfélaginu verkferla við móðurmálskennslu tvítyngdra barna.
Tölvupóstur og upplýsingar frá leikskólanum þýddar á ensku fyrir þá sem á þurfa að halda. Sérstaklega er fylgt eftir að foreldrar með annað móðurmál en íslensku fái og skilji upplýsingar sem sendar eru frá leikskólanum.
Í aðlögun nýrra barna er foreldrum sýnd heimasíða borgarinnar og sýnt hvernig hægt er að breyta henni í önnur tungumál. Sýnikennsla á heimasíðunni.
Munnleg skilaboð.
Reynt er að þýða yfir á ensku ýmsar upplýsingar sem sendar eru heim með tölvupósti einnig að finna upplýsingar á þeim tungumálum sem töluð eru hverju sinni í leikskólanum, aðgengi er að ýmsum bæklingum og bréfum til foreldra á mörgum tungumálum frá [nn].
Föst foreldraviðtöl tvisvar á ári. Túlkur kallaður til þegar þarf.
Google translate notað. Sjálfsmat í skóla á erlendu tungumáli.
Höfum stundum sent tölvupósta á fleiri en einu tungumáli og einstaka sinnum sett á heimasíðuna þýðingu á ensku og pólsku.
Leikskólakennari starfar hjá okkur sem talar pólsku. Langflest tvítyngdu börnin eru pólsk.
Google translate er notað í tilkynningum og rituðum texta með vitneskju foreldra með annað mál en íslensku.
Tölvupóstur á 2-3 tungumálum.
Lítið hefur verið um túlka sem við höfum kallað til þar sem foreldrar hafa sjálfir óskað eftir að velja sér einhvern nákominn til slíkrar þjónustu. Við höfum eingöngu einu sinni verið með foreldri sem var heyrnaskert en foreldrarnir mættu báðir á fundi auk þess sem hún vildi lesa af vörum. Við bjóðum ávallt upp á þjónustu við foreldrana og í samvinnu við þau finnum við þær leiðir sem henta



hverjum og einum.
Allir foreldrar tala íslensku.
Auglýsingar um foreldrafundi, foreldraviðtöl og ýmsa viðburði.
Tveir pólskir foreldrar sem tala báðir góða íslensku og þurfa aðstoð einstöku sinnum.
Erlendir starfsmenn túlka oft í daglegum samskiptum og þegar á þarf að halda.
Auglýsingar og tölvupóstur frá leikskólanum.
Skilaboð í tölvupóstum og auglýsingum þýddar á ensku, lykilorð á pólsku.
Aðlögunarblöðin með upplýsingum eru líka á ensku.
Starfsmenn sem tala mál foreldra koma skilaboðum þegar það þykir hæfa.
Upplýsingar eru oft settar fram á erlendum tungumálum, en ekki alltaf. Þegar það er ekki gert þá er talað við erlendu foreldrana og útskýrt fyrir foreldrum hvað er verið að tala um.
Í leikskólanum starfar mikið af erlendu fólki sem kemur oft upplýsingum til erlendra foreldra.
Tökum á öllum þáttum þegar það á við.
Túlkur fylgir barni í aðlögun.
Reynt að sjá til þess að upplýsingar komist til skila og fá þýðingu ef þarf.
Þýðum sumt.
Lítið hefur verið af börnum af erlendu bergi en þeim fjölga ört svo ætlunin er að gera betur með því að þýða bæklinga og annað prentað efni. Hingað til hefur túlkurinn dugað og svo hefur enskan verið notuð í samskiptum við þá sem hana tala og skilja.
Erum með starfsfólk sem talar t.d. pólsku og pólska er það tungumál sem flestir tala utan ísl.
Erlendir foreldrar eru allir talandi á ensku og aðeins á íslensku. Allt ritmál er á íslensku, en við leggjum okkur fram við að koma munnlegum boðum vel frá okkur á ensku eða íslensku. Hins vegar er enginn sem notar táknmál.
Höfum nýtt okkur símatúlkun með nokkuð góðum árangri.
Annað foreldrið talar alltaf íslensku, því hefur ekki reynt á þetta. Grunnupplýsingar um skólann eru á ensku og dönsku á heimasíðu.
Skóladagatal er þýtt á ensku og pólsku, hluti úr starfsáætlun einnig. Vikulega fá foreldrar fréttabréf frá leikskólastjóra og er það alltaf á íslensku og ensku. Þá eru hér starfsmenn sem tala pólsku, rússnesku, ensku, skandinavísk mál, ukrainsku og spænsku og er það notað í daglegum samskiptum við foreldra sem tala ekki íslensku en eru með þessi mál.
Auglýsingar og aðrar mikilvægar upplýsingar til foreldrar eru þýddar.
Nýtt okkur bæklinga og þýðingar frá [nn].
Ekki allt efni þýtt f. foreldra en það mikilvægasta.
Það hefur ekki reynt á þessa þætti hér.
Hefði líka merkt við síðasta valkost en þar stendur... þarf ekki vegna þess að allir foreldrar tala EKKI íslensku ?? Hefði merkt við ef þarna stæði að allir foreldrar tala íslensku og enginn notar táknmál.
Allir eru íslenskumælandi.
Foreldrum er boðið að dvelja inni í leikskólanum og sjá starfið.
Notast er við orðalista sem aðstoð í samtölum og til að koma skilaboðum áfram. Pólsku ráðgjafinn Magdalena sem starfar hjá [nn] er mjög fær og vinna hennar skiptir miklu máli.
Íslensku námskeið fyrir foreldra að kostnaðarlausu.
Ekki þurft hingað til.
Þarf ekki vegna þess að allir foreldrar TALA íslensku og enginn notar táknmál.
Rætt er persónulega við foreldra.
Allir tala íslensku - ekki hefur þurft að nota táknmál.

Yfirlit yfir þau skimunarpróf sem notuð eru í leikskólum má sjá í töflu 7. Algengasta skimunarprófið er Hljóm2 en Reynels er það skimunarpróf sem sjaldnast er notað. Athugasemdir um hvaða önnur skimunarpróf eru notuð má sjá í töflu 8.

Tafla 7. Hvaða skimunarpróf eru notuð í skólanum?

Gerd Strand			
		Fjöldi	Hlutfall
Gild svör	Merkt við	34	13,6%
	Ekki merkt við	216	86,4%
	Alls	250	100,0%
AAL listann			
		Fjöldi	Hlutfall
Gild svör	Merkt við	67	26,8%
	Ekki merkt við	183	73,2%
	Alls	250	100,0%
Told			
		Fjöldi	Hlutfall
Gild svör	Merkt við	51	20,4%
	Ekki merkt við	199	79,6%
	Alls	250	100,0%
Kuno Beller			
		Fjöldi	Hlutfall
Gild svör	Merkt við	32	12,8%
	Ekki merkt við	218	87,2%
	Alls	250	100,0%
AEPS listar			
		Fjöldi	Hlutfall
Gild svör	Merkt við	57	22,8%
	Ekki merkt við	193	77,2%
	Alls	250	100,0%
Orðaskil			
		Fjöldi	Hlutfall
Gild svör	Merkt við	118	47,2%
	Ekki merkt við	132	52,8%
	Alls	250	100,0%
Íslenski þroskalistinn			
		Fjöldi	Hlutfall
Gild svör	Merkt við	178	71,2%
	Ekki merkt við	72	28,8%
	Alls	250	100,0%
Íslenski smábarnalistinn			
		Fjöldi	Hlutfall
Gild svör	Merkt við	146	58,4%
	Ekki merkt við	104	41,6%
	Alls	250	100,0%
EFI-2			
		Fjöldi	Hlutfall
Gild svör	Merkt við	73	29,2%
	Ekki merkt við	177	70,8%
	Alls	250	100,0%
Reynels			
		Fjöldi	Hlutfall
Gild svör	Merkt við	21	8,4%
	Ekki merkt við	229	91,6%
	Alls	250	100,0%
Hljóm2			
		Fjöldi	Hlutfall
Gild svör	Merkt við	216	86,4%
	Ekki merkt við	34	13,6%
	Alls	250	100,0%

Tafla 8. Annað, hvað?

<b>Athugasemdir</b>
Sérkennsluráðgjafi kemur tvisvar á skólaári og þroskapróf eru gerð hjá lækni. Starfsmaður leikskólans er einungis einn í senn og hvorugur er menntaður leikskólakennari.
Heilsubók barnsins, snemmtæk íhlutun í málörvun.
Einn kennari að fara á námskeið í EFI-2.
Heilsubók barnsins, TRAS, MOD.

TRAS.
CARS; ASEBA.
Talmeinafræðingur skimar elstu börnin og eru það almennar spurningar, almenn þekking.
Tras ABLLS Tékklísti fyrir atferlisþjálfun. Einnig Staða-framfarir-Framhald Handbók ætluð leikskólum sem hjálpartæki við að meta stöð og framfarir barna af erlendum uppruna í íslensku.
Önnur skimunarpróf gerð í samvinnu við sérfræðinga.
Barnið í brennidepli og eceras kvarðann.
TRAS, STQ, ADHD listi, einhverfulisti, spurningalisti fyrir atferli barna - annars vegar fyrir kennara og hins vegar fyrir foreldra.
Þjálfunarflokkar fyrir einhverfa.
Svo er [nn] og sérfræðingar sem leggja önnur próf fyrir.
Sérfræðingar af [nn]nota ýmsa lista þegar þeir taka börnin hér í greiningar.
Ekki hafa verið gerð skimunarpróf hjá okkur - börnin eru eingöngu 1 skólaár og koma til okkar mjög ung (ef grunur er um einhvers konar skerðingu fara þau yfirleitt í annan leikskóla þar sem þau geta haldið áfram).
Önnur próf eru gerð eftir þörfum.
Behavioral intervention for young Children With Autism-þjálfunalisti og Staða og framfarir fyrir tvítýngd börn-[nn].
Tras.
Tilbúinn þokalistar. Mat á félagslegum þáttum og líðan barna.
Barnið í brennidepli.
Mot 4-6 ára hreyfingapróf. Virknikvarði ADHD. ASSQ listinn. Gátlisti fyrir einhverfu hjá smábörnum. WPS. TRAS. SDQ-Ice. Heilsubók barnsins. Spurningalisti yfir atferli barna.
TRAS.
Mot4 hreyfingapróf.
TRAS listinn.
Listar sem sérfræðingar senda til okkar vegna mats á börnum. Erum að fara að innleiða notkun TRAS sem hjálpar til við að fylgjast með framvindu í málþroska.
Gátlisti: sjálfmynd og félagsfærni, heimagerðar spurningar.
ASEBA.
Eins og staðan er í dag hefur enginn sem starfandi er í leikskólanum leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari.
Talmeinafræðingur leggur fyrir Told. Einnig kemur þroskaþjálfari sem leggur fyrir önnur próf.
Í samráði við sérkennslufulltrúa bæjarins.
Önnur próf eru í boði og þá sér sálfræðingur frá [nn] um það.
Skynjunarpróf frá Iðjuþjálfara.
TRAS - Mot hreyfing.
Börn fædd 2013.
Útbúinn hefur verið listi sem nýttur er í foreldraviðtölum.
Sensory profile.
K-pals.
Leikur og athöfn.
Óstaðlað orðaforðapróf leikskólans TRAS.
Í einstaka tilfellum leggja sérkennsluráðgjafar/sálfræðingar á [nn] önnur próf fyrir.
Samskiptamat, ECCERS kvarði, símat á deildum, sjónrænt mat elstu barna.
Aseba, mótþroskaþróun, SDQ.
Matslistar í málþroska.
Matslistar úr bókinni Snemmtæk ihlutun.
TRAS, MOT.
TRAS og Aseba listarnir.
Að byrja með TRAS.
Könnun á stöðu tvítýngdra barna.
ABLLS.
Barnaathugun.

### 3. STARFSFÓLK

Leikskólastjóri hefur frumkvæði að mótun áætlunar um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað í flestum leikskólum (tafla 9). Þar sem það er ekki gert eru gefnar útskýringar (tafla 10)

Tafla 9. Hefur leikskólastjóri frumkvæði að mótun áætlunar um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	238	95,2%	95,2%
	Nei	12	4,8%	4,8%
	Alls	250	100,0%	100,0%

Tafla 10. Hvers vegna ekki?

Athugasemdir
Vegna þess að tveir starfsmenn skipta með sér 60% stöðu við leikskóladeildina. Alla jafna er starfsmaður þar einn.
Það hefur ekki verið útbúin símenntunaráætlun. Við erum byrjaðar að huga að því með skipulögðum vinnuskiptum á milli aldursstiga 2-3 á ári. Við erum með sitthvort húsið á sitthvorum staðnum, yngra og eldra stig.
Það eru ekki svo margir fagmenntaðir.
Að hluta, ekki öllu leyti.
Aðstoðarleikskólastjóri sér um þann þátt í starfinu.
Símenntunaráætlun starfsfólks er að mestu leyti miðlæg frá [nn] í samráði og samvinnu við leikskólastjóra.
Sveitarfélagið býður upp á námskeið sem starfsfólkið getur sótt og það getur valið sér námskeið út frá áhugasviði, en leikskólastjóri kemur stundum með hvatningu til starfsmanna um að sækja ákveðin námskeið, bæði vegna þeirra sjálfra og vegna skólastarfsins.
Hóf vinnu hér 1. sept. s.l.
Ekki gert ráð fyrir fjármagni í símenntun fyrir utan árlega fyrirlestra.
Hefur ekki verið gert hingað til, væntanleg breyting verður á þar sem nýr leikskólastjóri tók við nú í sumar.
Kennarar og leikskólastjóri eru oftast búin að gera þetta í sameiningu við undirbúning starfsáætlunar.
Allt starfsfólkið í heild vinnur að símenntunaráætlun og ber starfsfólki í sameiningu eða sem einstaklingar að leita sér frekari fræðslu. Í áætlun eru fastir liðir sem að allt starfsfólk tekur þátt í ár hvert.

Áréttuð eru ákvæði um þagnarskyldu við ráðningu starfsfólks í öllum leikskólum (tafla 11) og flest hefur það fengið kynningu á verklagsreglum um tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum (tafla 12). Þar sem starfsfólk hefur ekki fengið slíka kynningu eru gefnar útskýringar (tafla 13).

Tafla 11. Er við ráðningu alls starfsfólks við skólann áréttuð ákvæði um þagnarskyldu starfsfólks?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	250	100,0%	100,0%
	Nei	0	0%	0%
	Alls	250	100,0%	100,0%

Tafla 12. Hefur starfsfólk skólans fengið kynningu á verklagsreglum um tilkynningarskyldu samkvæmt barnaverndarlögum?

		Fjöldi	Hlutfall	Gild svör - hlutfall
Gild svör	Já	208	83,2%	83,2%
	Nei	42	16,8%	16,8%
	Alls	250	100,0%	100,0%

Tafla 13. Vinsamlega tilgreindu ástæðu:

Athugasemdir
Nýtt starfsfólk á eftir að fá þessa kynningu en eldra starfsfólk hefur fengið hana.
Ekki hefur allt starfsfólk fengið kynningu. [nn] mun koma á starfsdag í leikskólanum föstudaginn 19. september og kynna barnaverndarstarfið.
Eitt af verkefnum sem við eigum eftir. Erum nýr leikskóli.
Ekki á þessu skólaári en það verður gert á starfsmannafundi.
Starfsfólk hefur ekki fengið nægilega mikla fræðslu varðandi barnaverndarmál, en að sjálfsgöðu ef að slík mál koma upp þá er tekið á þeim. En það er í vinnslu að þegar nýr starfsmaður ræður sig þá fær viðkomandi upplýsingar.
Ég segi nei því að tveir nýir starfsmenn hafa ekki fengið upplýsingar. Það verður tekið fyrir á starfsmannafundi fyrir júl. Áður var búið að fara í gegnum þetta með eldri starfsmönnum.
Um tilkynningar sér leikskólastjóri í höfðu samráði við aðstoðarleikskólastjóra og deildarstjóra þannig að þeir þekkja verklagsreglur.
Verður kynnt á næsta starfsmannafundi.
Ég merkti við nei vegna þess að nokkuð er um liðið frá því ég kynnti þessar verklagsreglur. Allir deildarstjórar hafa þó þessa vitneskju.
Teljum ekki þörf á því nema ástæða sé til.
Reglur kynntar fyrir nokkrum árum en kominn tími á að kynna þær aftur.
Það eru nokkuð mörg ár síðan.
Deildarstjórar og aðrir kennarar eru meðvitaðir um þetta og eru þeir ábyrgir fyrir tilkynningum ásamt stjórnendum skólans.
Hefur ekki verið gert reglubundið, tvö ár síðan félagsráðgjafi frá [nn]héltil fyrirlestur hvað málefnið varðar.
Nokkur ár eru síðan síðasta kynning var og er gert ráð fyrir kynningu á þessu skólaári.
Tók við leikskólanum í júní og veit ekki til þess að þessu hafi verið framfylgt né heldur hvers vegna.
Það hefur ekki verið alveg ljóst hver á að sinna þeirri kynningu, er það leikskólastjóri eða fulltrúi frá [nn]eða fulltrúi frá [nn], eða einhver annar.
Er á döfinni.
Kynning hefur farið fram en ekki með öllu starfsfólki sem nú starfar við skólann.
Starfsfólk hefur tilkynningarskyldu til kjarnastjóra og þeir til skólastjóra sem sér um að koma málum í réttan farveg til rétttra aðila.
Eingöngu deildarstjórar.
Deildarstjórar hafa fengið kynningu.
Kynning hefur verið fyrir nokkrum árum en það hafa nýir starfsmenn byrjað sem ekki hafa fengið kynningu.
Ekki nýlega, en það er til áætlun innan skólans hvernig skuli bregðast við þurfi að tilkynna, en því miður hefur það ekki verið rætt nýlega og það hafa orðið mannabreytingar síðan.
Sumir starfsmenn hafa fengið kynningu, t.d. deildarstjórar og 'eldri' starfsmenn, nýir starfsmenn hafa ekki fengið kynningu. Í handbók leikskólans, sem er öllum starfsmönnum aðgengileg, eru smá upplýsingar um ferlið.
Ekki allt starfsfólk, en deildarstjórar - mikil skipti á starfsfólki.
Þetta hefur ekki verið farið í formlega við alla starfsmenn en skólastjóri hefur kynnt sér allar verklagsreglur. Starfsmenn leita alltaf til skólastjóra með þyngri mál.
Leikskólastjóri hefur farið á námskeið um vanrækslu og ofbeldi gegn börnum - samstarf við [nn]. Farið aðeins yfir það með deildarstjórum leikskólans en starfsfólk hefur ekki fengið formlega kynningu.
Þarf að framkvæma.
Hingað til hefur ekki komið upp grunur um að umönnun barns væri í einhverju áfátt, sama til hvaða þáttar hennar er lítið.
Sem betur fer hefur ekki komið nema eitt barnaverndarmál til okkar og þá var deild barnsins meðvituð um ferlið en þetta er eitt af því sem við þurfum að leggja áherslu á á skipulagsdegi skólans.
Einungis deildarstjórar hafa fengið leiðbeiningar.
Fyrirhugað á næsta skipulagsdegi.
Leikskólastjóri sér um að tilkynna, upplýsingum er komið til hans.
Hefur ekki verið gert er til athugunar.
Starfsfólk hefur tilkynnt deildarstjórum ef það hefur áhyggjur af barni og deildarstjóri hefur talað við leikskólastjóra. Leikskólastjóri hefur síðan tilkynnt [nn]. Einnig hefur starfsfólk tilkynnt beint til leikskólastjóra.
Kynning fer fram reglulega en nú hafa orðið miklar breytingar á starfsmannahópnum síðustu

<b>mánuði og kynning ekki farið fram.</b>
<b>Engin sérstök kynning hefur boðist inn á leikskólann.</b>
<b>Hefur ekki verið tími til að sinna þessu, en verður sett í umbótaáætlun eftir heildarmat sem framkvæmt var af hálfu [nn].</b>
<b>Okkur hefur yfirsétt að fara betur í þær reglur</b>
<b>Við höfum ekki komist í þetta vegna anna en við munum fá kynningu á þessu skólaári.</b>
<b>Við verðum með fræðsluerindi núna 20. okt. fyrir alla starfsmenn, bæði leik- og grunnskóla.</b>

Tæplega fjórðungur leikskóla uppfyllir 9. gr. laga nr. 87/2008 um að 2/3 starfsmanna skuli hafa leyfisbréf til kennslu í leikskóla (tafla 14) og yfirlit yfir hversu hátt þetta hlutfall er almennt má sjá í töflu 15. Þar kemur fram að algengast er að hlutfall starfsmanna með leyfisbréf sé 21-35%.

Tafla 14. Uppfyllir skólinn 9. gr. laga nr. 87/2008 um að 2/3 starfsmanna skuli hafa leyfisbréf til kennslu í leikskóla?

		<b>Fjöldi</b>	<b>Hlutfall</b>	<b>Gild svör - hlutfall</b>
<b>Gild svör</b>	Já	58	23,2%	23,2%
	Nei	192	76,8%	76,8%
	Alls	250	100,0%	100,0%

